

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 308/2019

2020/EES/14/36

frá 13. desember 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1618 frá 12. júlí 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 að því er varðar varðveisluskyldur vörsluaðila ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31bba (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 231/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **2018 R 1618:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1618 frá 12. júlí 2018 (Stjtíð. ESB L 271, 30.10.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/1618, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 271, 30.10.2018, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.